

Nd.

752. Nefndarálit

[196. mál]

um frv. til tollalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem tillögur eru gerðar um á sérstöku þingskjali.

Með nefndinni hafa unnið lögfræðingarnir Lárus Ögmundsson og Sigurgeir A. Jónsson fyrir hönd fjármálaráðuneytisins. Á fundi nefndarinnar komu bæjarfógetarnir Einar Ingimundarson og Ásgeir Pétursson, og Sveinbjörn Guðmundsson og Jón Mýrdal frá Tollvarðafélaginu. Frá Félagi ísl. stórkaupmanna komu Haraldur Haraldsson, Árni Reynisson, Páll Bragason og Bragi Jónsson. Þá komu einnig á fund nefndarinnar Georg Ólafsson verðlagsstjóri, Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri og Ásmundur Sigurjónsson, deildarstjóri hjá Hagstofunni, Helgi Hjálmsson, forstjóri Tollvörugæmslunnar, Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri og Sigvaldi Friðgeirsson, skrifstofustjóri tollstjórans í Reykjavík.

Umsagnir bárust frá Verslunarráði Íslands, Félagi ísl. stórkaupmanna, sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hreppsnefnd Skilmannahrepps, Sauðárkrókskaupstað og Tollvörugæmslunni hf.

Með frumvarpinu er m.a. stefnt að því að gera tollmeðferð á vörum einfaldari og nútímalegri en nú er. Yfirstjórn tollamála verður skýrari og úrskurðarvaldið er flutt úr ráðuneyti til ríkistollanefndar. Í frv. eru ákvæði um tollkrit og tollfrjálst svæði en hvort tveggja eru merk nýmæli.

Á sérstöku þskj. flytur meiri hl. breytingartillögur sem flestar eru minni háttar lagfæringar á frv. Rétt er þó að vekja sérstaka athygli á brtt. við 33. gr. frv. þar sem kveðið er á um að Tollgæsla Íslands starfi við embætti ríkistollstjóra. Þá er greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. lengdur um einn mánuð. Enn fremur er með brtt. við 2. mgr. 145. gr. gert ráð fyrir að í reglugerð skuli ákveða hvaða gjald verði innheimt fyrir störf tollstarfsmanna, „sem ekki teljast liður í almennu tollefirliti“. Með því er lögð áhersla á að ríkissjóður standi straum af almennum störfum tollstarfsmanna eins og löggæslumanna.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 4. mars 1987.

Friðrik Sophusson,
varaform., frsm.

Halldór Blöndal.

Ólafur G. Einarsson.

Sverrir Sveinsson.

Guðmundur Bjarnason.